

**Atvikalýsing**

Hinn 28. maí 2000 fór fram æfing í köfun á Eyjafirði. Voru þrír-fjórir eða fimm nemendur og einn leiðbeinandi.

Kafað var fyrir sunnan Hrísey um 150 metra frá landi. Kafað var niður á 15,5 metra dýpi og höfðu þeir verið í kafi um 28 mínútur þegar leiðbeinandinn gaf merki um að halda upp á yfirborð.

Dvalið var um stund á 10 metra dýpi áður en haldið var upp. Á leiðinni upp gekk allt eðlilega að því er aðilar greina frá. Þegar upp á yfirborðið var komið og átti að fara að synda að bátnum fann einn nemenda fyrir slappleika. Fannst honum hann vera að missa máttinn. Var blýbeltið losað af honum og hann aðstoðaður við að komast upp í bátinn þá orðinn rænulaus og siglt með hann til hafnar á Árskógsströnd. Þar biðu þeir í um 30 mínútur eftir sjúkrabifreið sem tók við manninum og flutti á sjúkrahús á Akureyri.

**Við rannsókn kom fram**

- að þegar köfun fór fram var hiti sjávar + 2° C;
- að köfunarleiðbeinandinn taldi að þegar lokaundirbúningur fyrir köfunina fór fram hafi maðurinn ekki aðgætt nægjanlega vel frágang á undirhettunni á höfðinu og hún sennilega dregist upp þegar gúmmíhettan var sett yfir. Hafi gúmmíhettan því legið að höfðinu eða hálsi og einangrun undirhettunnar því ekki virkað;
- að kafarinn sem í hlut átti var blautur á höfði áður en köfun hófst;
- að talið var af köfunarfélögum þess er var hætt kominn að hann hafi ekki klætt sig rétt í köfunardragtina svo að sjór hafi komist að hálsi hans og kælt hann niður;
- að sá sem var hætt kominn segist ekki muna neitt eftir sér frá því hann var að reyna að komast um borð í bátinn þar til verið var að koma honum í sjúkrabifreiðina;
- að einn leiðbeinandi var með 5 nemendur við köfunina;
- að ekki kemur fram hve oft nemendur höfðu kafað áður en umrædd köfun fór fram;

**Nefndarálit**

Nefndin telur að orsök atviksins sé ófullnægjandi kennsla og þjálfun þar sem undirbúningi fyrir köfunina var áfátt. Gagnkvæm athugun á búnaði kafara hver hjá öðrum fór ekki fram.

Eftirlit leiðbeinanda með þeim sem í hlut áttu meðan á köfun stóð var einnig ábótavant.

Nefndin vísar til ályktunar í máli 06700 um lög og reglur er varða köfun.